

Nd.

322. Nefndarálit

[168. mál]

um frv. til laga um ráðstafanir vegna snjóflóða í Norðfirði og fjáröflun til Viðlagasjóðs.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin er sammála um, að sjálfsagt sé að halda áfram fjáröflun til Viðlagasjóðs svo lengi sem þörf er á til þess að hann geti staðið við þær skuldbindingar, sem hann hefur tekist á hendur vegna náttúruhamfaranna í Vestmannaeyjum. Nefndin er einnig sammála um, að jafnsjálfsagt sé að afla nauðsynlegs fjár til þess að bæta það tjón, sem varð vegna snjóflóðanna í Norðfirði, svo og vegna tjóns, sem orðið hefur eða verða kann vegna slíkra náttúruhamfara annars staðar á landinu.

Nefndin hefur hins vegar ekki orðið sammála um, hvernig fjár í þessu skyni skuli aflað. Í þessu frv. er gert ráð fyrir því að framlengja gildandi lagaákvæði um 1% viðlagagjald í þessu skyni til ársloka 1975 og bæta við það öðru söluskattstigi, þannig að söluskattur hækki í 20% frá 1. mars n. k. Í nefndinni hefur frv. hlotið stuðning fulltrúa stjórnarflokkanna og Alþýðubandalagsins.

Þingflokkur Alþýðuflokksins telur hækkun söluskatts um eitt stig óþarfa í þessu sambandi. Hinn 11. desember s. l. gerði stjórn Viðlagasjóðs eftirfarandi tillögu um tekjuöflun til Viðlagasjóðs:

„Það er því tillaga stjórnar sjóðsins, að núverandi tekjustofn verði framlengdur í 12 mánuði, þ. e. til febrúarloka 1976 Í árslokin 1975 yrði skuldin við Seðlabankann 827 millj. kr. Þá væri óinnkomið söluskattstig seinustu 4 mánaðanna, sem áætlast 332 millj. kr., og mundi lækka þessa skuld á fyrstu mánuðum ársins 1976 í 495 millj. kr. Á móti væru eignir sjóðsins skuldabréf til langs tíma umfram skuldbindingar við aðra en bankann, 1 350 millj. kr. Afborganir af þessum skuldabréfum mundu þá greiða skuldina við Seðlabankann á nokkrum árum.“

Samkvæmt þessu er það skoðun stjórnar Viðlagasjóðs, að fyllilega væri séð fyrir fjárþörf sjóðsins vegna Vestmannaeyjavandans með því að framlengja gildandi fjáröflunarákvæði til febrúarloka 1976. Þingflokkur Alþýðuflokksins lýsti því þegar yfir, að hann væri reiðubúinn til þess að styðja slíka fjáröflun, og er það enn.

Tjón vegna snjóflóðanna í Norðfirði hefur verið metið á 500 millj. kr. Þegar lög um neyðarráðstafanir vegna jarðelda á Heimaey voru upphaflega sett 7. febrúar 1973, var talið eðlilegt, að ríkissjóður legði fram nokkurt fé til sjóðsins og drægi úr útgjöldum sínum sem því svaraði, þannig að byrðarnar dreifðust ekki aðeins á almenning og fyrirtæki, heldur einnig á opinbera aðila. Í lögunum sagði því m. a.:

„Ríkissjóður skal leggja til Viðlagasjóðs 160 millj. kr., og er ríkisstjórninni heimilt að draga úr útgjöldum ríkisins sem þessari fjárhæð nemur.“

Eðlilegt er, að ríkissjóður taki áfram þátt í greiðslu bóta vegna náttúruhamfara í landinu með því að draga úr útgjöldum sínum. Með hliðsjón af því, hversu fjárlög yfirstandandi árs eru miklu hærrí en fjárlög ársins 1973, verður það síður en svo talin ofætlun gagnvart ríkissjóði, að hann leggi nú 500 millj. kr. til Viðlagasjóðs með því að draga úr útgjöldum sínum, en þá hefði sjóðurinn nægilegt fé til þess að bæta tjónið vegna snjóflóðanna í Norðfirði. Þess vegna er það skoðun þingflokks Alþýðuflokksins, að til viðbótar framlengingu á gildandi tekjustofnum Viðlagasjóðs í tólf mánuði eigi að koma 500 millj. kr. framlag úr ríkissjóði. Með því móti yrði sjóðnum kleift að standa við allar þær skuldbindingar, sem þingheimur er á einu máli um að sjálfsagt sé að gera.

Þingflokkur Samtaka frjálslyndra og vinstri manna á ekki fulltrúa í fjárhags- og viðskiptanefnd deildarinnar. Þegar í ljós kom við 1. umræðu málsins, að málsvari

flokksins var einnig andvígur hækkun söluskattsins og hafði svipaða afstöðu til málsins í heild og hér hefur verið lýst, höfðu þingflokkarnir samráð um meðferð málsins í nefndinni. Í framhaldi af því flytja formenn þingflokka tillögu á sérstöku þingskjali um, að gildandi ákvæði um fjáröflun til Viðlagasjóðs skuli framlengd um tólf mánuði og að ríkissjóður skuli leggja sjóðnum 500 millj. kr., en sé heimilt að draga úr útgjöldum ríkisins sem þessari fjárhæð nemur.

Í þessu sambandi er rétt að vekja sérstaka athygli á, að miðstjórn og samninganefnd Alþýðusambands Íslands hefur ritað nefndinni bréf, þar sem hækkun söluskatts nú er talin algerlega óþörf í sambandi við nauðsynlegar bætur vegna tjónanna í Vestmannaeyjum og í Norðfirði og henni harðlega mótmælt, enda hafi kjör launþega undanfarið rýrnað svo mjög, að ókleift sé að bera frekari byrðar. Verði hækkun söluskatts í 20% samþykkt nú, munu launþegasamtök skoða það sem beina árás á lífskjör almennings, og mun það auka mjög á þann vanda, sem við er að etja í samningum launþega og vinnuveitenda. Við núverandi aðstæður er varla unnt að hugsa sér óhyggilegri ráðstöfun af hálfu stjórnvalda en að magna enn verðbólguþátt með ónauðsynlegri hækkun á söluskatti og þar með nær öllu verðlagi, samtímis því sem kaupgjald er bundið með lögum. Þeir þingmenn, sem segjast vera andstæðingar ríkisstjórnarinnar, en taka þátt í þessari árás hennar á lífskjör almennings, taka mikla ábyrgð á herðar sér og munu hljóta þungan dóm.

Alþingi, 27. febr. 1975.

Gylfi Þ. Gíslason.